



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

# FLÓRGOÐINN

## AÐ VERNDA OG VERJA HVORT ANNAN

### Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Ljóð eftir skólastjóra
- Skipulagsdagur
- Foreldradagur
- Ljóð úr Baldursheimum
- Skólastjórinn okkar frá Mímisheimum
- Sögur frá Hetjuheimum
- Vetrarfrí
- Bekkjarvefur Baldursheimar
- Frá foreldrafélaginu
- Lakkrís til sölu !!!
- Ljóð um samheldni

### **GÓÐI segir:**



Ég geng alltaf frá skónum  
mínum í skóhillur þegar  
ég kem inní skólann

Pú átt að vernda og verja,  
þó stundum það virðist ei fært.  
Allt, sem er hug þínum heilagt,  
og hjarta þínu svo kært.

Vonlaust getur það verið,  
þótt vörn þín sé djörf og traust.  
En afrek í öldudal lífsins,  
er aldrei tilgangslaust.

Vopnuð huga og höndum,  
herjum við fram á við.  
Með samvinnu og seglum þöndum,  
með starfið á æðra svið.

Kærleik og gleði höfum í heiðri,  
í okkar stóra, fallesta hjarta.  
Hugum að sálunum í okkar hreiðri,  
hamingjurík í lífinu bjarta.

**Leifur S. Garðarsson**

2008

---

---

Í Áslandsskóla röðum við skóm í skóhillur við inngang

## Ljóð úr Baldursheimum

### STELPAN

*Ég er stelpa, með langt hár.*

*Ég er skrítn og furðuleg, en ég er manneskja.*

*Hvað er manneskja?*

*Mamma segir að það þýði... - hún vill ekki segja mér það.*

Höf. Guðrún Valgerður.

### HVAÐ ER AÐ VERA ÉG ?

*Vakna á morgnana, fara í skóla, bera út blaðið, mæta á æfingu.*

*En það er svo frábært að vera ég.*

*Að fara í skólann gefur manni þekkingu.*

*Að bera út blaðið gefur manni peninga.*


*Að fara á æfingu gerir mig að betri leikmanni.*

Höf. Kristófer Ingi.

## Danmerkurferð Lakkrís sala

Í vetur fá nemendur Undraheima (10. ÁMH) danska nemendur í heimsókn til sín og endurgjalda hana í vor, með ferð til Jótlands.

Nemendur standa í ýmiss konar fjáröflun vegna ferðarinnar og munu fyrir jól t.d. selja lakkrís. Það er von okkar að tekið sé vel á móti þeim banki þeir upp á hjá ykkur.



## Bekkjarvefur Baldursheima

Á skólavefnum okkar er hafin þróunarvinna með bekkjarvefi og eru það Baldursheimar sem taka þátt í því verkefni til að byrja með.

Hugsunin er að síðan muni aðrir bekkir fylgja í kjölfarið og koma sér upp sérstökum bekkjarsíðum.

Á bekkjarsíðu Baldursheima kennir ýmissa grasa en Kristín Högnadóttir umsjónarkennari hefur unnið að síðunni undir dyggri leiðsögn Úlfars Daníelssonar tölvukennara.

Sjón er sögu ríkari, slóðin er:

<http://www.aslandsskoli.is/bekkir/baldursheimar/baldursheimar.php>

## Ljóð um samheldni

*Með samheldni við stöndum saman  
og getur verið svaka gaman.*

*Með samheldni við fáum fugla  
og það mun okkur ekkert rugla.*

*Við sýnum samheldni með að vera góð  
og af því við verðum fróð.*

*Eftir frímínútur við erum glöð  
og förum kát í fína röð.*

**Höfundar:** Hugrún Jóhannsdóttir og Silja Rós Pétursdóttir Álfaheimum.

## Morgunstundir Kíkið við !

Á skólaárinu hafa verið margar frábærar morgunstundir.

Margir foreldrar, afar og ömmur hafa litið við og tekið þátt.

**Yngri deild** er með morgunstund á fimmtudögum.

**Miðdeild** er með morgunstund á þriðjudögum.

**Unglingadeild** er með morgunstund á föstudögum.

Allar morgunstundir hefjast um kl. 8:10.

Forráðamenn eru hvattir til að kíkja við eigi þeir þess kost, jafnvel þegar aðrir bekkir en börn þeirra eru í hafa umsjón með slíkum stundum.

## Skipulagsdagur Foreldradagur

**Skipulagsdagur** er í Áslandsskóla fimmtudaginn 20. nóvember næstkomandi.

Þá starfa starfsmenn skólans að ýmsum skipulagsverkefnum, m.a. við gerð skólanámskrár fyrir skólann.

**Foreldradagur** er síðan í Áslandsskóla föstudaginn 28. nóvember.

Þann dag mæta nemendur ásamt forráðamönnum til viðtals hjá umsjónarkennara.

Aðrir kennarar skólans verða einnig til viðtals auk þess sem óskilamunir liggja frammi.

Báða þessa daga er heilsdagsskólinn opin fyrir þá sem þar eru alla jafna. Skrá þarf aukastundir og greiða fyrir þær á skrifstofu skólans a.m.k. 3 dögum fyrir skipulagsdag/foreldradag.

## Frá Mímisheimum Hugstormun um skólastjórann

### Heimsókn til skólastjóra

Skólastjórinn okkar heitir Leifur. Hann er brúnn.

Hann tekur krakka sem eru óþekkir og hann er góður. Hann á skrifstofu.

Hann tekur skóna ef þeir liggja á gólfinu. Hann skammar krakka ef þeir eru óþekkir.

Hann er í flottum fötum. Hann leikur Batman. Hann labbar um skólann.

Hann er voða sætur. Hann gefur stilltum bekkjum bláan fugl. Leifur er flottur og með flott gleraugu.

Skrifstofan hans er flott.

### Krakkarnir í Mímisheimum

## Sögur frá nemendum Hetjuheima - FERÐALAG Á BÍL -

### Veiðiferð

Einu sinni fór ég að veiða með pabba og Rafni frænda. Allt í einu pompaði jeppinn á bólakaf í sandinn. Við þurftum að fá hjálp hjá bóndanum og traktornum hans. Svo veiddum við fjóra urriða.

*Sigurður Rafnsson*

### Skrímlið ógurlega

Ég, mamma og pabbi fórum í bíltúr á Land Cruiser bílnum okkar til afa. Þá sáum við skrímli. Það ætlaði að borða bílinn. Pabbi gaf allt í botn og sandurinn spýttist í augun á skrímslinu. Þá frelsuðumst við frá skrímslinu sem stóð gargandi eftir á veginum.

*Bríet Ósk Bárðardóttir*

### Skrímsla bíltúr

Í bílnum voru Dagur vinur minn og ég. Við vorum að fara að taka bensín á N1. Við sáum svo að bensínmaðurinn var geimvera sem ætlaði að borða limmósiuna sem við vorum á. Geimverans sagði oj bara þetta er of stór bíll og við Dagur keyrðum svo heim og vorum glaðir að við vorum ekki étnir.

*Jón Leví Steinsson*

## Ljóð um samheldni

Samheldni er góð,  
úr því kemur ljóð.  
Við skulum standa saman,  
því það er svo gaman.  
Og gerum okkur í geð,  
og höfum samheldni með.

**Höfundar:** Jón Þórir Sigurðarson og  
Stefán Darri Finnbogason  
Álfaheimum.



# Frá Foreldrafélagi Áslandsskóla

20. október 2008

Fréttir frá foreldrafélagi Áslandsskóla.

Formaður og einn meðstjórnandi sóttu fund sem forvarnarnefnd Hafnarfjarðar boðaði til nú í október. Á fundinum voru fulltrúar flestra foreldrafélaga grunnskóla í Hafnarfirði og auk þess Geir forvarnafulltrúi, Helgi rannsóknarlögreglumaður og Helena frá Götuvitanum. Helsta umræðuefnið var foreldraröltið og hvernig gengi í hverfunum. Við fengum rós í hnappagatið þar fyrir að hafa tekist að fara af stað með röltið strax í september og einnig fyrir kynningu okkar á röltinu sem fólst í því að bera út í Áslandinu bækling Hafnarfjarðar um foreldrarölt, skipulag foreldrarölts og bréf um foreldraröltið.

Á fundinum kom einnig fram að foreldrarölt hefur skilað miklum árangri í Hafnarfirði á síðustu árum. Ég held að við sjáum líka árangur þess í okkar hverfi. Lítið hafa verið um vandamál og við viljum halda því þannig vona ég og stöndum því öll sem eitt að því að halda foreldraröltinu lifandi.

Nú er loksins búið að fá bekkjartengla til starfa í öllum bekkjum skólans og er það gleðilegt og vonandi verður góð starfsemi og jákvæðni í öllum bekkjunum.

Þann 22. október var fundur með bekkjartenglunum og markmiðið var að gefa gott veganesti út í veturinn. Vonandi hefur það tekist. Mæting á fundinn var mjög góð. Fundargerð þess fundar verður birt á heimasíðunni þegar hún verður tilbúin.

Þökkum öllum þeim sem þegar hafa greitt félagsgjaldið.

Einnig þökkum við góðar undirtektir foreldra við sameiginlegum innkaupum fyrir 1. og 2. bekk. Með kaupunum náðist 25% afsláttur auk þess að foreldrar spöruðu þann tíma og kostnað sem fer í að afla réttu aðfanga. Vitanlega er ekki hægt að gera öllum til geðs og eflaust eru einhverjir sem ekki eru sáttir við kaupin. Það er mikil vinna að standa að baki svona kaupum og því mikilvægt að félagið viti hvort almennur vilji sé fyrir hendi af hálfu foreldra að þessu verði haldið áfram. Endilega látið skoðun ykkar í ljós með því að senda póst á stjórnina.

Þeir foreldrar sem enn eiga eftir að greiða vegna innkaupa fyrir 1. og 2. bekk eru vinsamlegast beðnir um að gera upp hið fyrsta svo hægt verði að greiða til birgja.

Minni að lokum á að allar upplýsingar um stjórnina og foreldraráð eru á vefsetri skólans undir Foreldrar og þar verða einnig birtar fundargerðir.

Bestu kveðjur  
f. hönd stjórnar

Hrafnhildur Ósk Broddadóttir, formaður Foreldrafélags Áslandsskóla og foreldri barna í 2. bekk og 8. bekk.



Kríuási 1  
221 Hafnarfirði  
Sími: 585 4600  
Bréfsími: 585 4610  
www.aslandsskoli.is  
aslandsskoli@aslandsskoli.is

***www.aslandsskoli.is***

**FLÓRGÓÐINN**

**Fréttablað  
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:  
**Leifur S. Garðarsson**  
skólastjóri